

Sþ.

648. Tillaga til þingsályktunar

[156. mál]

um brott nám loftskýptastanganna á Melunum í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á þessu sumri flytja í burt af Melunum loftskýptastangir þær, sem þar eru nú.

Greinargerð.

Flugsamgöngur við Reykjavík, bæði frá og til útlanda og í sambandi við innanlandsflug, eru orðnar fastur liður í samgöngum landsmanna. Þegar flugveður er á annað borð, eru margar lendingar á Reykjavíkurlflugvelli, bæði af hálfu farþegaflugvéla og æfingavéla. Reykjavíkurlflugvöllur er miðstöð alls innanlandsflugs og þess flugs til útlanda, sem íslenskar flugvélar annast.

Atvinnuflugmenn hafa þegar fyrir löngu bent á það með blaðagreinum og skrifum til opinberra aðila, að þeir telji alvarlega slyshættu stafa af loftskýptastöngunum á Melunum sökum þess, hve nálægt flugvellingum þær standa. Flugvallastjóri ríkisins hefur og á opinberum vettvangi kveðið mjög fast að orði um hættuna, sem flugvéluum stafar af þessum sömu orsökum. Slyshættan af loftskýptastöngum þessum og strengjunum milli þeirra er mjög mikil fyrir flugvélar þær, sem hafa bækistöð á Reykjavíkurlflugvelli eða viðkomu þar.

Einkum er þessi hættu fyrir hendi, þegar flugvélar leita lendingar á vellingum í slæmu skyggni og e. t. v. náttmyrkri að auki. Má nærri geta, að lítið þer á hinum lélegu ljósmerkjum á þessum stöngum úr lofti séð, þegar illt er skyggni á annað borð.

Enginn þeirra, er ég hef átt tal við, veit til þess, að í öðrum löndum séu háar loftskýptastangir hafðar svo nærri flugvöllum eins og á sér stað hér í Reykjavík.

Mun óhætt að fullyrða, að engin þjóð leyfi sér að búa svo gálauslega að öryggi flugsamgangna hvað þetta snertir eins og við Íslendingar.

Loftskýptastöðin á Melunum var reist fyrir mörgum árum og hefur því gegnt merkilegu hlutverki um langan tíma, þar á meðal í þjónustu slysavarnanna. Nú er svo komið vegna aukinnar tækni og starfrækslu loftskýptastöðvarinnar á Rjúpnahæð, að full ástæða er til að vænta þess, ef rétt er á haldið, að sú þjónusta, sem farið hefur fram hingað til í loftskýptastöðinni á Melunum, geti fram farið frá öðrum stöðum.

Hinn 16. jan. þ. á., þ. e. í tíð fyrrv. stjórnar, ritaði þáverandi ráðherra, er með flugmálin fór, fjárveitinganefnd bréf um nauðsyn þess, að nefndin sæi fyrir einhverju fé til að koma hér breytingu á.

Nefndin vildi leiða málið hjá sér og svaraði tilmælum ráðherra þann veg. Málið var samt til framhaldandi athugunar í ráðuneytinu, og þann 7. febr. var að tilhlutun ráðherra, ásamt þáverandi ráðherra fyrir pósth- og símamál, efnt til sameiginlegs fundar með aðalmönnum flugmálastjórnar og símamálastjórnar. Varð að samkomulagi, að nefnd sérfræðinga frá báðum þessum stofnunum tæki til athugunar, hvað hér mætti gera til úrbóta. Um slyshættuna af stöngunum á þessum stað fyrir flugsamgöngur var lítil eða enginn ágreiningur.

Álitsgerð þessara aðila liggur fyrir. Sést af henni, að þeir álita brottflutning loftskýptastanganna og sendistöðvar á öðrum stað beztu úrlausnina. Þann 27. febr. ritaði flugmálaráðherra að nýju til fjárveitinganefndar um mál þetta og fór fram á, að 200—250 þús. kr. væru teknar upp í fjárl. 1950 sem fyrsta framlag af 3—4 til þess að koma skrið á þetta mál, og var þá út frá því gengið, að strax yrði byrjað á að nema burt loftskýptastangirnar.

Til þess að sýna fram á mikilvægi málsins má geta þess, að samkv. upplýsingum flugfélaganna hafa á síðastliðnu ári verið fluttir um Reykjavíkurlflugvöll 47 680 farþegar.

Fjárveitinganefnd hefur nú lokið störfum, og verður ekki séð, að hún hafi tekið til greina ábendingar fyrrv. flugmálaráðherra að einu eða neinu leyti. En þetta breytir ekki þeirri staðreynd, að stórhætta stafar af því ástandi, sem við það hefur skapast fyrir flugumferðina, að haldið er áfram að hafa stangir þessar á Melunum, og er óverjandi af þeim, er hlut eiga að máli, að loka augum fyrir þeirri slyshættu, sem hér vofir yfir, og fyrir því er þáttill. þessi flutt.